



Geðsálfræði – SÁL3B05

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Karen Ösp Birgisdóttir

Netfang/netföng:

karen@bhs.is

Lýsing:

Áfanginn fjallar um geðheilsu og geðræn vandamál. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á samspili líkamlegra og andlegra þátta í tengslum við geðheilbrigði og þróun geðraskana. Nemendur kynnst leiðum til að verjast streitu og taka á afleiðingum hennar. Einnig er fjallað um ýmsar geðraskanir og helstu meðferðarúrræði við þeim. Nemendur afla sér upplýsinga um geðheilsugæslu og þá meðferð sem er í boði á Íslandi. Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á geðheilsu, geðrækt og eðli geðraskana svo þeir skilji hvernig þeir geta tekið ábyrgð á eigin geðheilbrigði.

Þekking, leikni, hæfni:**Að nemandinn:**

- kynnist sögu, fræðilegri -og hagnýtri hlið klínískrar sálfræði ásamt fræðimönnum
- læri um streitu og leiðir til að koma í veg fyrir eða minnka hana
- skilji samspil streitu (umhverfisþátta) og erfða í mótun geðraskana
- skilji hugtakið afbrigðilegt atferli og tengi saman sjónarmið sálfræðinnar og hugmyndir um orsakir afbrigðilegs atferlis
- kynnist flokkunarkerfum geðraskana
- kynnist ýmsum matstækjum (sálfræðilegum prófum) í klínískri sálfræði
- kynnist einni geðröskun sérstaklega vel í gegnum viðtal
- þekki helstu meðferðarform geðraskana og þá sérstaklega sálgreiningu, atferlismeðferð og hugræna atferlismeðferð
- tileinki sér viðeigandi heimildavinnu
- geti komið frá sér efni munnlega fyrir framan hóp nemenda

Námsmat:

- Streituverkefni – 10%
- Sjónarmið sálfræðinnar og geðröskun – 10%
- Hlutapróf úr köflum 1, 2 og 3 –10%
- Kvikmyndaverkefni – 10%
- Greiningarverkefni – 20%
- Ritgerð eða viðtal – 20%
- Þátttaka og virkni – 20%



Borgarholtsskóli

Námsgögn:

Samantekið efni um afbrigðasálfræði eftir Aron Tómas Haraldsson

DSM-V - Flokkun geðraskana eftir Kristján Guðmundsson

Verkefnahefti – afhent hjá kennara

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

***Standa þarf skil á ÖLLUM námsmatsþáttum**

Ekki er tekið við verkefnum eftir að skilafrestur rennur út



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	18.-21. ágúst	Kynning á áfanga, hópefli	
35	24.-28. ágúst	Klínísk sálfræði og sagan	
36	31. ág.- 4. sept.	Streita	
37	7.-11. sept.	Streita frh. – Streituverkefni – 10% - skil 13. sept.	Streituverkefni (10%)
38	14.-18. sept.	Afbrigðilegt atferli/hegðun	
39	21.-25. sept.	Afbrigðilegt atferli – Sjónarmið sálfræðinnar og geðröskun 10% - skil 27. sept.	Sjónarmið sálfr. (10%)
40	28. sept- 2. okt.	Upprifjun – Hlutapróf úr kafla 1, 2 og 3 – 10% - 1. okt.	Hlutapróf (10%) Varða I
41	5.-9. okt.	Flokkun og mat	
42	12.-16. okt.	Flokkun og mat frh.	
43	19.-23. okt.	Helstu flokkar geðraskana – Kvikmyndaverkefni – kynning – 10%- skil 22. okt.	Kvikmyndaverk efni kynning (10%) Hausthlé
44	26.-30. okt.	Helstu flokkar geðraskana	
45	2.-6. nóv.	Meðferð geðraskana	Varða II
46	9.-13. nóv.	Meðferð geðraskana – Greiningarhefti 20% - skil 15. nóv.	Greiningarhefti (20%)
47	16.-20. nóv.	Ritgerðarefnis-lestur / viðtalsvinna og lestur	
48	23.-27. nóv.	Vinna við ritgerð/ viðtalsverkefni	
49	30.nóv.- 4. des.	skil á ritgerð/viðtalsverkefni 20% - skil eigi síðar en 4. des.	Ritgerð/viðtal (20%)
50	7.-11. des.	Kynningavika og litlu jól	Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Þáttaka og virkni 20% Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.